

Skær í Jökulsárlóni

Snævarr Guðmundsson

Náttúrustofu Suðausturlands, Litlubrú 2, Höfn í Hornafirði, Iceland

Correspondence to: snaevarr@natts.is

Á síðasta áratug hafa nokkur smásker komið í ljós í Jökulsárlóni, austan undan Esjufjallarönd (1. og 2. mynd). Vísbendingar eru um að enn fleiri muni birtast þar við frekara hop Breiðamerkurjökuls á næstu árum. Skerir eru öll mynduð úr djúpbergi. Þau eru um 1 NNV átt frá eyjunni Skúmey (10,2 hektarar). Sú var orðin jökullaus árið 2000 en þar sést hins vegar ekki í berggrunninn heldur er eyjan öll þakin jökulurð. Um 1,3 km norðan við hana birtist lítið skær

undan hopandi jöklinum árið 2007 og hefur það verið nefnt Selasker. Það er 0,03 ha að flatarmáli. Á árunum 2014–2017 hefur hins vegar birst skerjaklasi, um einn km NNV við Selasker. Á mynd 2b. er sýnt hvar jökulsporðurinn lá á þeim árum sem skerir voru að birtast. Í könnunarferð í þau, 1. september 2017 voru m.a. gerðar athuganir á stærð þeirra og bergtegundum. Stærsta skerið er 65 x 120 m á lengd og rúmlega hálfur hektari að stærð en önnur eru minni en 0,01 ha.



1. mynd/Figure 1. Skerjaklasinn við Esjufjallarönd. Sjá má tvær manneskjur fjærst á stærsta skerinu. Í ferðinni sást á enn fleiri sker sem munu koma undan jöklinum á allra næstu árum. – *A group of skerries near the terminating Esjufjallarönd medial moraine. Two persons can be seen on the far side of the largest rocky islet. During the field excursion a few other rocks were spotted at the glacier margin, which will become more exposed in the next year or two.* Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson, 1. september 2017.